

Leiði eftirlit ríkisskattstjóra skv. 6. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, í ljós að iðgjald bónda hefur verið vangreitt eða ofgreitt skal sjóðstjórn innheimta vangreidd iðgjöld eða úrskurða um bakfærslu og endurgreiðslu ofgreiddra iðgjalda. Iðgjald sem flutt hefur verið í annan lífeyrissjóð, lán verið veitt út á eða lífeyrir verið úrskurðaður og greiddur út á skal hvorki endurgreitt né réttindi sem af því leiða bakfærð. Sjóðfélagi getur enn fremur óskað eftir því að iðgjaldsstofn hans sé reiknað endurgjald í staðgreiðslu sé það herra en reiknuð laun hans, sbr. 1. málsl. 1. mgr., samkvæmt álagningu að liðnu tekjuári. Vextir skulu reiknaðir á endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt vaxtalögum, nr. 25/1987.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um iðgjaldagreiðslur, innheimtu, innheimtubókun, dráttarvexti og annað er varðar framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda vegna iðgjaldsákvörðunar á tekjur frá og með 1. janúar 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Prátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr., sbr. 4. mgr. 1. gr., skulu iðgjöld vegna 1. janúar 2001 til gildistöku laganna falla í gjalddaga með iðgjöldum þess greiðslutímabils sem næst fer á eftir gildistöku laganna.

II.

Prátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu ákvæði 6. mgr. 1. gr. koma til framkvæmda vegna iðgjalda af tekjum ársins 2000.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. Héraðslæknir tilnefnið lækni, með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, og hjúkrunarfræðing, með þekkingu á öldrunarþjónustu. Sveitarstjórnir skipa án tilnefningar tvo fulltrúa sem hafa þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða. Skal annar þeirra vera félagsráðgjafi eða hafa hliðstæða menntun. Samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum

og sinnir hann öðrum verkefnum þjónustuhóps aldraðra en þeim sem kveðið er á um í 4. tölul. 8. gr.

2. gr.

Á eftir orðunum „þjónustuhóps aldraðra“ í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: sbr. þó 7. og 8. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Jón Kristjánsson.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Sama gildir um sölt, esta, peptíð og hvers konar afleiður (afbrigði) efna, sbr. 2. og 3. gr., þar með taldar afleiður sem eru frábrugðnar upprunalega efninu (viðmiðunarefninu) að því er varðar staðsetningu efna- hóps eða efnahópa á kolefni, köfnunarefni, súrefni og/eða brennisteini.

2. gr.

Í stað orðsins „lögmatan“ í 6. mgr. 5. gr. laganna kemur: ólögmatan.

3. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Eftirtalin ávana- og fíkniefni falla undir 1. mgr. 2. gr.: 1-Fenyl-2-butylamine, 4-met-ylaminorex, 4-MTA, A1-fenyl-1-piperidyl-(2)-metyl acetat, Acetorphine, Acetyl-meskaline, Allobarbitol, Brallobarbitol, Brolamfetamine, Brotizolam, Brom-STP, Butobar-bital, Cannabis (Kannabis, Marihuana, Hass), Cannabis harpax, Carfentanil, Cathinone, Chlorali hydras, Chloralodolum, Clomethiazolum, Cocainum, Desornorphinum, DET, Dexamfetamine, DMA, DMHP, DMT, DOET, Enhexymalum, Eticyclideine, Etilamfeta-mine, Etorphine, Fenetyliline, GHB, Heptamalum, Heroin, Hexapropymatum, Hydroxyam-fetamine, Hydroxytetrahydrokannabinolar, Ibogain, Kat, Levonantradol, Lysergide, MDA, MDE, MDMA, Mescaline, Methamfetamine, Methandriolum, Methaqualone, Methcathi-none, Methylpentynolum, Metohexital, Metylmescaline, MMDA, Modafinil, Nabilon, N-ethyl MDA, N-hydroxyamfetamine, Parahexyl, PHP, PCPY, PMA, Propylhexedrinum, Psilocybinum, Psilocine, Pyridylidion, STP, DOM, TCP, TMA, Tybamatum, Vinylbital.